

Sp.

149. Tillaga til þingsályktunar

[86. mál]

um afnám kaffiskömmtnar.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að afnema nú þegar alla skömmtnun til neytenda á kaffi og gera jafnframt ráðstafanir til þess, að ávallt séu til nægar birgðir af kaffi í landinu.

Greinargerð.

Af öllu skömmtnunarfarganinu er ekkert jafnsmásálarlegt og fjarstætt og kaffiskömmtnunin. Skömmtnun kaffis hefur sáralitla þýðingu til þess að spara gjaldeyri, en eins og kunnugt er, hefur ríkisstjórnin nefnt gjaldeyrissparnað sem ástæðuna fyrir hina fáránlega en rándýra skömmtnunarbákni. Kaffinotkun í landinu hefur verið sem hér segir: Árið 1945 voru flutt inn 925 tonn, árið 1946 882 tonn og árið 1947 1282 tonn. Síðasta árið var kaffi ekki skammtað nema nokkra síðustu mánuði ársins, og er því ekki ósennilegt, að innflutningurinn það ár gefi til kynna, hver er eðlilegur innflutningur, ef kaffi er ekki skammtað. Sparnaðurinn, sem fæst með skömmtnun kaffis, er því sáralitill, og sér hver maður, að hér er því ekki um að ræða sparnað, sem neinu nemur í gjaldeyrislegu tilliti, en veldur hins vegar ótrúlega miklum óþægindum og beinlínis leiðindum á svo að segja hverju heimili í landinu. Kaffiskammtur þeirra Emils Jónssonar og Eliss Ó. Guðmundssonar er af ýmsum talinn um það bil helmingi of litill til þess að samsvara venjulegri notkun fullorðins fólks. Þetta kemur vitanlega misjafnlega illa við fólk, því að þeir, sem hafa ung börn í heimili, fá kaffiskammt hjá þeim félögunum fyrir þau, jafnvel þó í vöggu séu. Kaffiskömmtnun hefur enga raunhæfa þýðingu til gjaldeyrissparnaðar, og þegar skömmtnun var tekin aftur upp af núverandi ríkisstjórn, virðist kaffið hafa verið látið koma undir skömmtnunina á ný af eintómum páfagaukshætti, af því að það var skammtað á stríðstímunum, en þá stafaði skömmtnunin af örðugleikum við öflun kaffis.

Í Englandi er öl þjóðardrykkur, og er þess neytt þar mjög mikið. Engin stjórn í Englandi myndi dirfast að hefja skömmtnun öls. Englendingar búa við þrengri skömmtnun nauðsynjavara en flestar aðrar þjóðir, en skömmtnun öls vilja þeir ekki þola. Kaffið er þjóðardrykkur Íslendinga og neyzla þess hér jafnalgeng og neyzla öls í Englandi. Þrátt fyrir það hefur ríkisstjórnin í röskt ár haldið uppi smásálarlegri skömmtnun á kaffi.

Skömmtnun kaffis hefur enga jákvæða þýðingu, en veldur vandræðum og hvers konar leiðindum, og þess vegna á að afnema hana strax. Það er margbúið að benda ríkisstjórninni á þetta, en hún rembist við að viðhalda þessari skömmtnun af einhverjum óskiljanlegum þráa eða meinfýsni. Alþingi ætti nú fyrir jólin að létta þessum ófögnum af þjóðinni og veita fólk rétt til þess að fé sér nægilegt kaffi.